UMHVERFIS
STOFNUN

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bnr. 0.0 K/S 6.3.18
Ábm. Svfr.
Afgr. )Bréf ( )St.
Lvm. Trm.

Skipulagsfulltrúi Uppsveita
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík 5. mars 2018
UST201801-127/K.S.J.
10.04.02

**Efni:** Aðalskipulag - Reykholt í Þjórsárdal, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita er barst 12. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 – 2016. Breytingin felst í því að skilgreint er svæði fyrir verslun og þjónustu að Reykholti í Þjórsárdal.

**Skipulagssvæðið**
Í greinargerð kemur fram að áætlað er að byggja upp ferðaþjónustu í Reykholti í Þjórsárdal. Einnig kemur fram að stærð svæðis er alls 13 ha. Áætlað er að eldri mannvirki verði fjarlægð og áform eru um að byggja upp baðstað ásamt gistiaðstöðu með allt að 40 herbergjum.

**Breyting á uppdrætti**
Í greinargerð kemur fram að svæði fyrir verslun og þjónustu er merkt við gatnamót Þjórsárdalsvegar og aðkomuvegar að Reykholti alls 2 ha. Þar er fyrirhugað að byggja upp aðstöðu fyrir móttöku gesta sem sækja hótel- og baðstaðinn í Reykholti heim.

Umhverfisstofnun hefur fengið kynningu á þeim framkvæmdum sem áætlaðar eru á ofangreindu skipulagssvæði.
Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland
+354 591 2000
www.ust.is